

ÁRSSKÝRSLA 2020



ÍSLENSK
ÆTTLEIÐING



EFNISYFIRLIT

FRÁ STJÓRNARFORMANNI	3
STARF FÉLAGSINS.....	4
ÁRSREIKNINGUR.....	9
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA.....	10
REKSTRAREIKNINGUR.....	11
EFNAHAGSREIKNINGUR.....	11
SJÓÐSSTREYMI.....	12
SKÝRINGAR.....	13
ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA...	15
REGNHLÍFASAMTÖK.....	16
SAMSTARFSLÖND.....	17
STJÓRN OG STARFSFÓLK.....	19



Síðasta ár var eitt það sérstakasta sem við höfum upplifað, ekki bara í heimi ættleiðinga, heldur alls staðar. Í upphafi ársins þurfti félagið að hækka gjöld á allri þjónustu og gjöld sett á þjónustu sem áður var veitt án endurgjalds. Í lok janúar var skrifað undir þjónustusamning milli Íslenskrar ættleiðingar og Dómsmálaráðuneytisins sem gildir til loka árs 2021. Félagið vildi ekki skrifa undir samning til lengri tíma enda teljum við að breyta þurfi honum og höfum ítrekað rætt það við ráðuneytið. Undanfarin ár hefur verið unnið að breytingum á reglugerð um ættleiðingar en ekki hefur tillaga að breytingum borist félaginu ennþá þrátt fyrir að þær hafi átt að berast í upphafi árs.

Í samræðum við Dómsmálaráðuneytið hefur komið fram að þeirra stuðningur snýr eingöngu að milligöngu um ættleiðingar en ekki þeirri fræðslu og þjónustu sem við teljum að félagið eigi að veita eftir ættleiðingu. Ættleiðingum hefur fækkað síðustu ár, þó sami fjöldi hafi haldist 3 síðustu ár, og þjónusta félagsins því færst meira í fræðslu og þjónustu við fjölskyldur og uppkomna ættleidda. Við viljum auka þann hluta starfseminnar en þurfum að leita eftir meira fjármagni hjá öðrum ráðuneytum til að geta staðið undir því. Stjórn og starfsfólk félagsins hefur þá drauma að hægt verði að koma þjónustu við ættleidda og fjölskyldur þeirra inn sem sjálfsögðum þætti hjá Menntamálaráðuneytinu og Félags- og barnamálaráðuneytinu.

Félags- og barnamálaráðuneytið hefur unnið að breytingum í þágu barna með samþættingu þjónustu.

Þetta eru lagabreytingar sem miða að því að tryggja börnum og aðstandendum þeirra, snemmbæran, samþættan stuðning þvert á kerfi. Frumvarp hefur verið lagt fyrir Alþingi þar sem kveðið er á um samþættingu þjónustu í þágu barna til þess að auka samvinnu og samfelli í þjónustu við börn og að hagsmunir þeirra skuli ávallt hafðir í fyrirrúmi. Félagið vonar að með þessari vinnu fái ættleiddir meiri stuðning inni í leik- og grunnskólum og í öðrum aðstæðum sem þau þarfnast þess. Með því teljum við að hægt sé að koma í veg fyrir meiri erfiðleika á síðari æviskeiðum.

Eins og ég minntist á í upphafi var árið 2020, ár hins óvænta, Covid-19 hefur haft áhrif á allt starf félagsins þó fjölskyldur hafi getað farið til upprunalanda og hitt börnin sín. Þetta hefur haft meiri áhrif í öðrum löndum í kringum okkur þar sem upprunaríki hafa þurft að loka landmærum sínum meðan veiran hefur farið um. Margir stjórnarfundir hafa verið haldnir á netinu og hefur það gengið vel. Samskiptum við samstarfsaðila okkar hefur verið viðhaldið í netheimum.

Ásamt því að vera stjórnarformaður Íslenskrar ættleiðingar tók ég við sem formaður Nordic Adoption Council (NAC) á síðasta ári. Samstarf á milli aðila í NAC hefur undanfarin ár verið mjög gott og heldur áfram að aukast, það er vilji allra aðildarféлага að auka samstarf og dreifa þekkingu.

Fjarfundum hefur verið fjölgað og stuðningur okkar á milli aukist enda miklar breytingar og félög nágrannalanda okkar þurft að takast á við ýmsar hindranir.

Ég vona að þetta ár sé ár breytinga, að loksins munum við sjá þær breytingar á lagaumhverfi og reglugerðum tengdum ættleiðingum sem hafa verið í farvatninu síðustu ár og að félagið geti einbeitt sér að því að bæta þá þjónustu og fræðslu sem við viljum veita.

Elisabet H. Salvarod.

Stjórnarformaður Íslenskrar ættleiðingar

STARF FÉLAGSINS

Þjónusta Íslenskrar ættleiðingar er hægt að skipta upp í nokkra fasa. Fyrsti fasi er þjónusta fyrir ættleiðingu, en hún hefst áður en fólk verður að umsækjendum. Í fyrstu er ráðgjöf og fræðsla sem leiðir annað hvort til umsóknar um forsamþykki eða að fólk tekur ákvörðun um að ættleiðing sé ekki eitthvað sem hentar þeim sem fjölskyldumynstur. Annar fasi hefst við umsókn um forsamþykki og líkur þeim fasa útgáfu forsamþykkis. Í þessum fasa er mikil fræðsla og ráðgjöf til þeirra sem fylgja fræðsluáætlun félagsins. Þriðji fasi hefst svo á umsókn til upprunals og sá fjórði hefst svo þegar barn er parað við verðandi foreldra. Fimmti fasi hefst svo þegar fjölskyldan sameinast og varir þar til fjölskyldan er komin heim til Íslands, ráðgjafar félagsins eru í miklum samskiptum á meðan á þessu stendur. Sjötti fasi eru svo fyrstu skrefin á Íslandi og þjónustan sem því fylgir, eftirfylgdarskýrslur, aðlögun í leikskóla o.s.frv. Það væri hægt að nefna fleiri fasa s.s. að byrja í grunnskóla og allt sem því fylgir, ráðgjöf á unglingsárununum eða vangaveltur um uppruna og jafnvel aðstoð við leit að ættingjum í


upprunalandinu. Verkefnin eru æði mörg og heldur áfram að fjölga. Á síðastliðinu ári gerði Félagsmálaráðuneytið samning við félagið vegna fjölskyldusameininga flóttafólks, en flóttafólk sem fær dvalarleyfi á Íslandi á rétt á að fá fjölskyldu sína til sín. Oft hefur flóttafólk verið að velkjast um í langan tíma og hefur jafnvel misst samband við fjölskylduna, en nú er hún að koma og hafa aðferðir og vinnulag félagsins sem nýtist við fjölskyldusameiningar hjá fjölskyldunum sem ættleiða skilað frábærum árangri þegar um fjölskyldusameiningu flóttafólks er að ræða.

Þjónusta Íslenskrar ættleiðingar er mjög viðamikil og oft og tíðum flókin viðfangsefni sem starfsfólk félagsins er að glíma við. Félagið er ekki að fullu fjármagnað og verður spennandi að vinna að samþættingu þjónustu við ættleidd börn og fjölskyldur þeirra í samvinnu við dómsmála-, menntamála og félags- og barnamálaráðuneytin. Þjónustan snertir hvert aldursskeið fjölskyldunnar, enda er ættleiðing ekki einstakur viðburður, hún er viðvarandi og endist ævina á enda.


...til að barn nái fullum þroska sem heilsteypt persóna er æskilegast að það vaxi úr grasi innan fjölskyldu og við hamingju, ástúð og skilning

Fyrstu viðtöl

Flestir sem nýta sér þjónustu félagsins hefja ferðalagið í svonefndu fyrsta viðtali. Hvert viðtal tekur um 90 mínútur þar sem farið er yfir það helsta sem tengist málaflokknum.



Þrátt fyrir að skrifstofa félagsins væri lokað stóran hluta úr árinu vegna Covid 19 voru 18 fyrstu viðtöl bókuð hjá félaginu, sem er talsverður samdráttur frá því árið áður, en þá voru þau 32.



Forsamþykki

Íslensk ættleiðing hefur milligöngu um að senda umsóknir um forsamþykki til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, en embættið er ábyrgt fyrir að kanna aðstæður umsækjenda og veita eða synja um forsamþykki.

Sýslumannsembættið óskar eftir liðsinni barnaverndarnefnda við könnun á högum umsækjenda.

Sýslumannsembættið getur einnig leitað til Ættleiðingarnefndar til að fá umsögn ef þurfa þykir.

Ættleiðingarnefnd er skipuð af dómsmálaráðherra.

Þjónusta Íslenskrar ættleiðingar samkvæmt fræðsluáætlun hefst þegar umsækjendur skila inn umsókn um forsamþykki til félagsins og skrifa undir

samning um þjónustuna. Nokkur fjölgun var á umsóknum um forsamþykki á milli ára að þessu sinni og voru þær 9 talsins.



Sýslumannsembættið gaf út 8 forsamþykki á árinu miðað við 5 árið á undan. Þá voru gefin út 4 ný forsamþykki, þ.e. endurnýjuð forsamþykki til þeirra sem eiga umsókn í upprunalandi.

... að tryggja að ættleiðing milli landa fari fram með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi og þannig að grundvallarréttindi þess séu virt, og að komið sé í veg fyrir brotnám barna, sölu þeirra og verslun með þau

Ættleiðingarnefnd

Sýslumannsembættið vísaði aðeins 1 umsókn til Ættleiðingarnefndar, en þær voru 5 árið á undan.

Ættleiðingarnefnd veitti hins vegar 3 sinnum umsögn sem er það sama og árið á undan.

Vinnslutími Ættleiðingarnefndar var langt umfram það sem eðlilegt er, en sýslumannsembættið óskar eftir álit nefndarinnar innan þriggja mánaða. Eins og áður segir fékk nefndin aðeins eitt nýtt mál til álits, en veitti þrjár umsagnir þar af tvær umsagnir um umsóknir frá árinu 2019.

Ættleiðingarnefnd náði aldrei að standa við tímamörkin á árinu. Álitsgjöfin tók 279 daga í elsta málinu, 241 dag í máli tvö og 128 daga í því þriðja. Það eru frá rúmum fjórum mánuðum uppí rúma níu. Eftir umsögn Ættleiðingarnefndar úrskurðar sýslumaður og var einni umsókn synjað með úrskurði en tvær umsóknir hlutu forsamþykki.

Kæror

Sýslumannsembættið synjaði alls 4 umsóknum á árinu, 1 eftir umsögn Ættleiðingarnefndar og 3 án þess að Ættleiðingarnefnd hafi verið beðin um álit.

Fjórar synjanir voru kærðar til Dómsmálaráðuneytisins á árinu og úrskurðaði ráðuneytið sömuleiðis í fjórum málum, tveimur frá 2019 og tveimur frá 2020.

Í þessum málum var öllum úrskurðum sýslumannsembættisins snúið við. Í tvígang var embættið skikkað til að gefa út forsamþykki og í tvígang að taka málið fyrir að nýju.

Afgreiðslutími ráðuneytisins hefur verið óhóflega langur um langt skeið og heldur því áfram. Hins vegar er afgreiðslutíminn mjög mismunandi, eða frá tæpum þremur mánuðum og uppí 12 mánuði.



Umsóknir í upprunalandi

Íslensk ættleiðing hafði milligöngu um að senda 6 umsóknir til upprunalands á árinu, 3 til Kólumbíu, 2 til Kína og 1 til Tékklands. Fjórar umsóknir voru frá hjónum og tvær frá einhleypum konum. Þetta er fjölgun á umsóknum sem sendar eru til upprunalanda og ánægjulegt að sjá að fleiri umsóknir eru að fara til Kólumbíu en áður.


Sex umsóknir voru samþykktar á biðlista í upprunalandi, þrjár í Tékklandi, tvær í Kína og ein í Kólumbíu.

Í árslok voru 10 samþykktar umsóknir hjá samstarfsríkjum félagsins. 3 í Kína, 6 í Tékklandi og 1 í Kólumbíu.

Af þessum umsóknum eru 1 á bið vegna aðstæðna fjölskyldunnar og því aðeins 9 virkar umsóknir á biðlista samstarfsríkjanna.

Tvær umsóknir eru í skoðun í Kólumbíu og ein í Tékklandi. Þá er búið að para eina fjölskyldu við barn í Tékklandi og er beðið eftir að fjölskyldan fái fararleyfi frá tékkneskum yfirvöldum.

Engar umsóknir eru í Búlgaríu né Tógó, en 1 umsókn er í undirbúningi fyrir Búlgaríu og er það fyrsta umsóknin sem verður send þangað. Þá eru tvær umsóknir í undirbúningi til að senda til Tógó og má vænta að þær fari snemma á árinu.



Ef miðstjórnvald móttökuríkisins telur ekki vafa leika á um að umsækjendur séu hæfir og fallnir til þess að ættleiða skal það taka saman greinargerð þar sem fram skulu koma upplýsingar um hverjir þeir eru, um hæfni þeirra og hæfi til ættleiðingar, um uppruna og æviferil, fjölskyldu, heilsufarssögu, félagslegar aðstæður, ástæður fyrir ættleiðingu, möguleikum til að ættleiða milli landa og einkenni þeirra barna sem þeir myndu teljast hæfir til að annast.






Börn

Upplýsingar um 7 börn voru skoðaðar af sérfræðingum félagsins á árinu, sem er jafn mikið og árið áður.

Af þessum börnum urðu 5 þeirra ættleidd á árinu, ein pörun var dregin til baka vegna ráðlegginga frá lækni og er ein fjölskylda að bíða eftir fararleyfi til að heimsækja upprunalandið til að sameinast barninu.

Þrátt fyrir ástandið í heiminum vegna Covid-19 voru 5 börn ættleidd með milligöngu félagsins á árinu, 4 frá Tékklandi og 1 frá Tógó.


Þetta eru jafn margar ættleiðingar og síðastliðin tvö ár, en mikil fækkun frá því sem áður var.



Dvölin í upprunalandunum var nokkuð styttri þetta árið vegna Covid-19 en engu að síður var mikil þörf fyrir þjónustu félagsráðgjafa félagsins. Samstarf fagfólks upprunaríkjanna og félagsins hefur þróast mikið á síðastliðinum árum og er stuðningur og ráðgjöf á meðan dvöl stendur í upprunaríkinu nú orðið frekar að reglu en undantekningu.

Í upprunaríkinu má aðeins taka ákvörðun um að barn skuli sett í umsjá væntanlegra kjörforeldra ef:

...miðstjórnvöld beggja ríkja hafa samþykkt að ættleiðingin megi fara fram



...hafa gengið úr skugga um að væntanlegir kjörforeldrar hafi fengið alla nauðsynlega ráðgjöf;
...stuðla að þróun ráðgjafarþjónustu um ættleiðingar og því að veitt sé þjónusta að aflokinni ættleiðingu í ríkjum þeirra;

Fræðsla

Fjölmargar mýtur eru um ættleiðingar og er eitt það mikilvægasta í þjónustu félagsins að vinna gegn þeim. Fræðsla er leið til þekkingar og hefur félagið byggt upp metnaðarfulla fræðsluáætlun sem hluta af þjónustuáætlun félagsins. Um er að ræða viðamikla og fjölbreytta fræðslu þar sem áherslurnar miðast við þann fasa sem þjónustuþegar félagsins eru í.

Fræðslan hefst í fyrsta viðtali þar sem skautað er yfir það helsta sem tengist málaflokknum. Það ætti að leiða til námskeiðsins **Er ættleiðing fyrir mig?** sem er 4 daga námskeið sem á að aðstoða þátttakendur í að taka ákvörðun um hvort ættleiðing sé kostur sem þeir ættu að skoða betur. Nokkurt brottfall er af þessum námskeiðum.

Þrátt fyrir samkomutakmarkanir náðist að halda eitt námskeið á árinu og voru 16 þátttakendur á því. Námskeiðið var haldið í Kríunesi og var hvor hluti námskeiðsins tveir dagar, samtals fjórir dagar. Leiðbeinendur eru tveir, þær Rut Sigurðardóttir, starfsmaður ÍÆ og Þórgunnur Vigfúsdóttir, skólastjóri.

Árið 2020 voru 19 fræðsluviðtöl til umsækjenda í forsamþykkisferli og 8 viðtöl við starfsmenn barnaverndar. Félagið veitir ráðgjöf og stuðning á biðtímanum og leggur áherslu á að umsækjendur séu virkir í biðinni, með því að afla sér þekkingar á málefnum ættleiddra barna. Á síðasta ári voru 3 viðtöl við umsækjendur sem eiga umsókn í upprunalandi og voru að uppfæra upplýsingar í umsókn.

Samkvæmt fræðslu- og stuðningsáætlun hefur félagið frumkvæði að eftirfylgd eftir að fjölskyldur koma til Íslands eftir dvöl í upprunalandi barnsins. Árið 2020 voru 13 viðtöl til fjölskyldna sem voru komnar heim til Íslands.

Þessi þjónusta er í viðbót við gerð eftirfylgdarskýrsla sem eru gerðar að kröfu upprunaríkja barnanna. Óháðir félagsráðgjafar heimsækja fjölskyldurnar í samræmi við reglur upprunaríkjanna og safna upplýsingum og gefa álit á hvernig framvinda fjöl-skyldunnar hefur verið frá sameiningu. Þessar skýrslur eru þýddar og sendar til miðstjórnvalds upprunaríkisins.

Þjónusta við börn sem eru að hefja skólagöngu hefur aukist mikið, enda ekki vanþörf á. Á síðastliðnu ári heimsótti félagsráðgjafi félagsins leikskóla tvisvar sinnum og grunnskóla sjö sinnum.

Heimsóknir í skóla eru margvíslegar, stundum er fundað með öllum starfsmönnum skólans, stundum bara með kennurum barnsins og stundum stuðningur inn á teymisfundi.

Þá hafa þrjár fjölskyldur leitað eftir frekari þjónustu, eftir að þjónustuáætlun félagsins sleppir.

Félagið hefur í gegnum tíðina boðið uppá fjölbreytta fræðslu sem er opinn félagsmönnum og almenningi. Vegna samkomutakmarkana var fræðslan með minnsta móti þetta árið, en aðeins einn fyrirlestur var haldinn þetta árið. Karitas Sumati Árnadóttir og Svandís Guðmundsdóttir deildu reynslu sinni af því að vera ættleiddar til Íslands í fyrirlestrinum „Ertu ekki glöð að vera ættleidd?“



Ársreikningur

Árið 2020 voru félagsmenn Íslenskrar ættleiðingar alls 357 talsins.

Til að sinna hlutverki sínu sem sett er fram í lögum og reglugerðum hefur félagið gert þjónustusamning við dómsmálaráðuneytið um skilgreinda þjónustu til að tryggja að veita umsækjendum liðsinni sem nauðsynlegt er til að af lögmætri ættleiðingu geti orðið.

Rekstrarlegar grunnforsendur félagsins eru tryggðar með framlagi ríkisins í þjónustusamningnum og er rekstrargrundvöllur félagsins ekki háður fjölda umsækjenda eða fjölda ættleiðinga. Þetta fyrirkomulag er nú nefnt Íslenska ættleiðingarmódelið og hefur vakið athygli langt út fyrir landsteinana.

Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur eru meginstoðir í ættleiðingarferlinu og er sú lágmarkspjónusta tryggð með framlagi ríkisins til þjónustusamningsins.

Þjónustusamningurinn tekur aðeins til þjónustu um milligöngu um ættleiðingu, en ekki þjónustu eftir ættleiðingu. Þjónusta eftir ættleiðingu er enn ófjármögnuð en megináhersla verður lögð á að auka skilning miðstjórnvaldsins á hlutverki sínu í þjónustu eftir ættleiðingu og að fá viðurkenningu á mikilvægi þjónustunnar til heilla ættleiddum börnum og fjölskyldum þeirra.

Á árinu 2020 var undirritaður nýr þjónustusamningur við ráðuneytið og gildir hann til loka árs 2021.

Starfsemi sem varðar ættleiðingu milli landa má ekki verða neinum til óhæfilegs ávinnings, fjárhagslega eða á annan hátt.

Aðeins má krefja um og greiða kostnað og útgjöld, þar með talið sanngjarna sérfræðilega þóknun þeirra sem við ættleiðinguna fást.

Tekjur Íslenskrar ættleiðingar á árinu 2020 voru rúmar 44 milljónir, sem er hækkun um 4 milljónir frá 2019, munar þar mestu um þjónustusamning við Félagsmálaráðuneyti vegna fjölskyldusameininga flóttafólks og greiðvikni starfsfólks félagsins á erfiðum tímum.

Tekjur af félagsgjöldum hækkuðu um kr. 400.000 frá fyrra ári, en árgjaldið hækkaði úr kr. 2.900 í kr. 3.500.

Að þessu sinni var hagnaður félagsins kr. 3.675.248 sem er mikill viðsnúningur frá fyrra ári. Vegna sérstakra aðstæðna í samfélaginu þarf að fara varlega við að leggja mat á breytingar á ársreikningi, líklegt er að ekki verði það

sama uppá teningnum við eðlilegt rekstarár.

Handbært fé hækkaði um 3 milljónir á árinu og kemur þá á móti lækkun sem hefur orðið síðastliðin ár.

Mestu breytingar á milli ára eru eftirfarandi:

Mest allur kostnaður lækkaði á árinu fyrir utan fastan kostnað s.s. kostnaður vegna húsnæðis.

Enginn ferðakostnaður var á árinu.

Laun lækka aðeins, en einn starfsmaður fór í leyfi um tíma þar sem vöntun var á starfsfólki í framlínuna vegna Covid-19.

Viðurkennd stofnun skal:

a. einungis vinna að ófjárhagslegum markmiðum samkvæmt þeim skilmálum og innan þeirra marka sem kveðið er á um af bærum stjórnvöldum viðurkenningarríkisins;

b. hafa stjórnendur og starfsmenn sem eru hæfir hvað siðferðiskröfur og menntun eða reynslu varðar til starfa á sviði ættleiðingar milli landa; og

c. lúta eftirliti bættra stjórnvalda þess ríkis hvað varðar skipulag, rekstur og fjárhag.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Íslenskrar ættleiðingar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenskrar ættleiðingar fyrir árið 2020.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Íslenskri ættleiðingu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Reykjavík, 23.mars 2021

Rýni endurskoðun ehf.


Kristinn Kristjánsson
endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR 2020

	Skýringar	2020	2019
Rekstartekjur			
Tekjur	3	44.287.145	39.968.165
		<u>44.287.145</u>	<u>39.968.165</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	32.066.958	33.814.805
Kostnaður vegna ættleiðinga	9	1.982.727	3.206.102
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	1.629.630	2.041.984
Annar rekstarkostnaður	9	5.115.658	7.396.935
Afskriftir	4	164.695	205.869
		<u>40.959.668</u>	<u>46.665.695</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		3.327.477	(6.697.530)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		59.930	217.580
Vaxtagjöld, gengismunur og bankakostnaður		287.841	(49.330)
		<u>347.771</u>	<u>168.250</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>3.675.248</u>	<u>(6.529.280)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýringar	2020	2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstarfjármunir:			
Tölvubúnaður, innréttingar og áhöld	4	658.782	823.477
		<u>658.782</u>	<u>823.477</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	744.299	997.150
Handbært fé		11.813.981	8.840.572
		<u>12.558.280</u>	<u>9.837.722</u>
		<u>13.217.062</u>	<u>10.661.199</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýringar	2020	2019
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Viðbragðssjóður	6	1.360.000	1.360.000
Óráðstafað eigið fé		2.379.375	(1.295.873)
		<u>3.739.375</u>	<u>64.127</u>
Skuldir			
Skammtímaxskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	7,8	9.477.687	10.587.072
		<u>9.477.687</u>	<u>10.597.072</u>
		<u>13.217.062</u>	<u>10.661.199</u>

Sjóðstreymi ársins 2020

	Skýringar	2020	2019
Rekstarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		3.675.248	(6.529.280)
Rekstarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	<u>164.695</u>	<u>205.869</u>
		3.839.943	(6.257.411)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		252.851	(45.546)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>(1.119.385)</u>	<u>(1.477.648)</u>
		(866.534)	(1.913.194)
Handbært fé frá rekstri (til rekstar)		<u>2.973.409</u>	<u>(8.236.605)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		2.973.409	(8.236.605)
Handbært fé í byrjun árs		<u>8.840.572</u>	<u>17.077.177</u>
Handbært fé í lok árs		<u><u>11.813.981</u></u>	<u><u>8.840.572</u></u>



Skýringar

3. Tekjur

	2020	2019
Tekjur ársins sundurliðast þannig:		
Félagsgjöld	1.548.100	1.131.100
Framlag frá þjónustumiðstöð	1.200.000	1.200.000
Ættleiðingargjöld erlendis	3.716.294	2.151.672
Framlög úr ríkissjóði	34.000.000	34.000.000
Framlög frá Félagsmálaráðuneyti	2.045.000	0
	<u>45.509.394</u>	<u>38.482.772</u>
Aðrar tekjur:		
Námskeið	1.322.000	765.000
Félagsstarf	226.000	237.790
Styrkir	115.291	319.118
Aðrar tekjur	114.460	163.485
	<u>1.777.751</u>	<u>1.485.393</u>
Tekjur samtals	<u>44.287.145</u>	<u>39.968.165</u>

4. Varanlegir rekstarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Árslok 2019:		
Bókfært verð í ársbyrjun	1.029.346	1.029.346
Afskriftir	(205.869)	(205.869)
Bókfært verð í árslok	<u>823.477</u>	<u>823.477</u>
Bókfært verð í árslok greinist þannig		
Kostnaðarverð	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals	(1.782.542)	(1.782.542)
Bókfært verð í árslok	<u>823.477</u>	<u>823.477</u>
Árslok 2020:		
Bókfært verð í ársbyrjun	823.477	823.477
Afskriftir	(164.695)	(164.695)
Bókfært verð í lok tímabilsins	<u>658.782</u>	<u>658.782</u>
Bókfært verð í árslok 2020 greinist þannig:		
Kostnaðarverð	2.606.019	2.606.019
Afskrifað samtals	(1.947.237)	(1.947.237)
Bókfært verð í árslok	<u>658.782</u>	<u>658.782</u>

5. Viðskiptakröfur

	2020	2018
Viðskiptakröfur greinast þannig		
Félagsgjöld	1.063.150	1.063.150
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(616.897)	(66.000)
Viðskiptakröfur, nettó	<u>744.299</u>	<u>997.150</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Skýringar

6. Eigið fé Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Viðbragðssjóður	Ójafnað tap	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2019:			
Staða í ársbyrjun	1.360.000	5.233.407	6.593.407
Hagnaður ársins	0	(6.529.280)	(6.529.280)
Staða í árslok	1.360.000	(1.295.873)	64.127
Hreyfingar 2020:			
Staða í ársbyrjun	1.360.000	(1.295.873)	64.127
Tap ársins	0	3.675.248	3.675.248
Staða í árslok	1.360.000	2.379.375	3.739.375

7. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2020	2019
Ógreidd laun og launatengd gjöld	1.600.374	1.229.295
Biðreikningur vegna fyrirhugaðrar stofnunar styrktarsjóðs	6.379.771	6.379.035
Ógreitt framlag til þjónustumiðstöðvar	1.200.000	2.400.000
Aðrar skammtímaskuldir	297.542	588.742
	9.477.687	10.597.072

8. Önnur mál

Skuldbindingar

Á árinu 2011 var ákveðið að setja á stofn styrktarsjóð og safnað var fjármunum að fjárhæð 5,5 m.kr. Fyrirhugað var að klára stofnun hans á árinu 2018. Félagið hugðist leggja sjóðnum til ofangreinda fjárhæð með áföllnum vöxtum. Rekstur félagsins hefur verið í járnum síðastliðin ár og hefur félagið óskað eftir því við ráðuneytið að þjónustusamningur við félagið verði endurskoðaður. Félagið hefur þurft að ganga á eigið fé til að standa við hlutverk sitt og hefur verið hikandi við að stofna styrktarsjóð við þær aðstæður.

9. Rekstrargjöld

	2020	2019
Rekstargjöld greinast þannig:		
Laun og launatengd gjöld		
Laun	24.994.065	25.272.852
Laun stjórnar	612.500	795.775
Bifreiðastyrkir	700.000	720.000
Dagpeningar	0	552.891
Mótframlag í lífeyrissjóð	3.444.624	3.500.000
Tryggingagjald	1.889.497	1.999.070
Sjúkra- og orlofssjóður	574.704	590.149
Endurgreiddur launakostnaður	(550.000)	0
Annar starfsmannakostnaður	401.568	383.700
	32.066.958	33.814.805
Meðalfjöldi starfsmanna	3	3
Kostnaður vegna ættleiðinga		
Skýrslur og þýðingar	1.145.182	2.475.326
Undirbúningsnámskeið	992.250	1.529.868
Erlendur kostnaður	2.793.527	1.692.206
Annar kostnaður	553.522	477.619
Endurgreiddur kostnaður	(3.501.754)	(2.968.917)
	1.982.727	3.206.102

Skýringar

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	274.191	422.182
Sími	298.004	192.513
Pappír, prentun og rittföng	0	33.8336
Bækur, blöð og áskrift	47.014	41.217
Annar skrifstofukostnaður	66.415	185.964
Reikningsskil	786.505	753.645
Önnur aðkeypt þjónusta	21.390	123.284
Fundir, ráðstefnur og móttökur	136.111	279.383
Gjafir og styrkir	0	9.969
	<u>1.629.630</u>	<u>2.941.984</u>

Annar rekstarkostnaður

Félagsstarf	251.018	793.890
Námskeið	0	586.984
Húsaleiga	3.684.338	3.599.453
Öryggisþjónusta	221.050	214.211
Ræsting og hreinlætisvörur	266.651	418.000
Aðkeyptur akstur	8.000	0
Keypt áhöld og tæki	47.995	0
Ferðakostnaður	20.875	1.633.651
Vátryggingar	64.834	58.095
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur	550.897	92.651
	<u>5.115.658</u>	<u>7.396.935</u>

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með áritun sinni.

Reykjavík, 23. mars 2021

Stjórn:

Framkvæmdastjóri

Elisabet Hruud Svavarsd.
 Liva Björgláraudóttir
 Berginnur Elvís Guðrúnardóttir
 Lyllym
 Arnþór Guðmannsson

Kristinn Tullason

Regnhlífasamtök



EurAdopt, félag ættleiðingasamtaka í Evrópu, fylgdist grannt með þróun ættleiðingarmála bæði í Evrópu og víðar í heiminum árið 2020. Covid-19 hafði mikil áhrif á framgöngu ættleiðinga í heiminum 2020 og fylgdist EurAdopt náið með gangi mála í málaflokknum. Vegna Covid-19 var EurAdopt ráðstefnu sem átti að halda í Kaupmanahöfn frestað og aðalfundurinn var haldinn rafrænt. Ari Þór Guðmannsson var fulltrúi félagsins í EurAdopt 2020 og Elísabet Hrund Salvarsdóttir var varafulltrúi og fylgdust þau með gangi mála og tóku þátt í umræðum fyrir hönd félagsins. Mikið af verkum EurAdopt fór í að miðla

upplýsingum varðandi gang mála í hverju upprunalandi fyrir sig varðandi takmarkanir og miðla upplýsingum milli allra aðildarríkja sem aðstoð við milligöngu ættleiðingar í heiminum. Aðildarríkin voru samhent að aðstoða hvert annað í þessum krefjandi aðstæðum og stofnuðu samskiptasíðu sem allir fulltrúar tóku þátt í til að miðla sem hraðast og bestu upplýsingum sín á milli. Það eru forréttindi að vera hluti af EurAdopt í þessum tímum og geta leitað til allra þeirra sérfræðinga í málaflokkunum sem EurAdopt hefur innan samtakana. Framundan er áframhaldandi samvinna í breyttum aðstæðum og undirbúningur fyrir EurAdopt ráðstefnu sem haldin verður þegar tækifæri gefst.



Íslensk ættleiðing er aðili í samtökum norrænna ættleiðingafélaga, Nordic Adoption Council (NAC). NAC eru félagasamtök 12 ættleiðingafélaga og félaga kjörfjölskyldna á Norðurlöndunum. Tilgangur NAC er að skapa vettvang fyrir norrænt samstarf í ættleiðingum og málefnum tengdum ættleiðingum. Fulltrúar félaganna sitja í stjórn samtakana. Á árinu 2020 tók Elísabet Hrund Salvarsdóttir, formaður ÍÆ, við sem formaður NAC. Lísía Björg Lárusdóttir, stjórnarmaður ÍÆ, tók við sem fulltrúi félagsins í NAC. Fyrsti fundur NAC var haldin í Kaupmannahöfn í janúarmánuði 2020. Haldnir voru fjarfundir reglulega yfir árið. Á fundunum greindu fulltrúar frá fréttum af ættleiðingartengdum málefnum frá eigin landi og þá voru rædd ýmis mál tengd ættleiðingum sem

voru í deigluinni hverju sinni. Eitt helsta umræðuefni NAC var áhrif COVID-19 á framgang ættleiðinga í heiminum, deildu fulltrúar með sér upplýsingum bæði hvað varðar stöðuna í eigin landi og í þeim upprunaríkjum sem félögin eru í samstarfi við. Ljóst er að faraldurinn hafði þau áhrif að ættleiðingum á Norðurlöndum fækkaði m.a. vegna ferðatakmarkana auk þess sem að hægðist á ferlinu í aðildarlöndum. Almennt var þó ekki jafn mikil fækkun varðandi nýjar umsóknir eins og búist hafði verið við. Vegna fækkunar í ættleiðingum urðu sum félög fyrir tekjutapi og óskuðu eftir styrk frá stjórnvöldum. Fyrirhugað var að NAC héldi „members meeting“ í Noregi á árinu 2020, var tilgangurinn að hafa vinnufund með starfsfólki og fulltrúa aðildarfélaga NAC. Fundinum hefur hins vegar verið frestað til ársins 2022 vegna heimsfaraldurs.

SAMSTARFSLÖND

БЪЛГАРИЯ

Löggilding um milligöngu gildir til 30.04.2021.

Engin umsókn hefur verið send til Búlgaríu frá því að samstarfið hófst en fyrsta umsókn er í undirbúningi.

ČESKÁ REPUBLICA


Félagið fékk fyrst löggildingu til að annast milligöngu um ættleiðingar frá Tékklandi árið 2004 og gildir núverandi löggilding til 19.03.2022.

Alls hafa verið ættleidd 47 börn með milligöngu félagsins frá Tékklandi.

5 umsóknir hafa nú verið samþykktar af UMPOD og bíða afgreiðslu. 1 umsókn er í skoðun og bíður þess að vera samþykkt.

Ein fjölskylda hefur verið pôruð við barn og bíða þau nú þess að fá tækifæri til að ferðast til Tékklands.

Meðal biðtími eftir pôrun við barn frá Tékklandi hefur verið rúmt ár en hefur aðeins verið að lengjast og er nú rúmlega 2 ár.



Colombia

Löggilding um milligöngu gildir til 19.03.2022.

Alls hafa verið ættleidd 15 börn með milligöngu félagsins frá Kólumbíu.

Ein umsókn er samþykkt á biðlista frá Íslenskri ættleiðingu hjá ICBF, og tvær umsóknir eru í skoðun hjá ICBF. Kólumbía er eina samstarfsland Íslenskrar ættleiðingar sem tekur á móti umsóknum samkynja hjóna og er annað af tveimur löndum í heiminum sem gerir það.

中國


Löggilding um milligöngu gildir til 19.03.2022.

Alls hafa 183 börn verið ættleitt með milligöngu félagsins frá Kína.

Þrjár umsóknir eru samþykktar af CCCWA og bíða afgreiðslu.

Listi vegna barna með skilgreindar þarfir hefur legið í dvala um nokkurt skeið vegna Covid-19 og var hann ekki vaktaður nema 3 sinnum síðastliðið ár.

Meðal biðtími eftir pôrun við barn á lista barna með skilgreindar þarfir hefur í gegnum tíðina verið mjög stuttur eða rétt undir 6 mánuðum. Biðtími hefur verið að lengjast talsvert og er nú meira en 2 ár.




TOGO

Löggilding um milligöngu gildir til 14.07.2020.

Alls hafa 7 börn verið ættleidd með milligöngu félagsins frá Tógó.

Engin umsókn er í ferli í Tógó og því opið fyrir umsóknir.

Meðal biðtími eftir pôrun hefur verið rúm tvö ár og er eins og sést á myndinni hér til hliðar að styttest







ÍSLENSK
ÆTTLEIÐING

Aðeins þær stofnanir skulu fá og halda viðurkenningu sem sýna fram á getu sína til að leysa vel af hendi þau verkefni sem þeim kunna að verða falin.

Stjórn

Elísabet Hrund Salvarsdóttir
Stjórnarformaður

Lísa Björg Lárusdóttir
Varaformaður

Meðstjórnendur
Ari Pór Guðmannsson
Berglind Glóð Garðarsdóttir
Dylan Herrea
Maglai Mouy
Sigurður Halldór Jesson (í leyfi)

Starfsfólk

Kristinn Ingvarsson
Framkvæmdastjóri

Ragnheiður Davíðsdóttir
Verkefnastjóri

Rut Sigurðardóttir
Félagsráðgjafi

Marion Brochet
Verkefnastjóri

Adoption is not a single event, but a life-long process



Skipholt 50b
105 Reykjavík
Sími 588 1480
isadopt@isadopt.is

www.isadopt.is